


Jóhannes Jóhannesson, Fjör í fjörunni frá árinu 1988.




Fuglar kallast þetta verk Kjartans Guðjónssonar. Málverkið var eitt þeirra sem vakti hneykslan gesta í Listamannaskálanum árið 1947 á fyrstu samsýningu Septemberhópsins.

Kjarvalsstaðir

September/Septem: 1947/1974

Síðasta Septem-sýningin er jafnframt yfirlit yfir sýningar hópsins frá árinu 1974, og yfirlit sýninga September-manna sem hneyksluðu landann með „klessuverkum“ sínum á árunum 1947-1952



Valtýr Pétursson, Uppstilling, 1987.

Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum söguleg sýning. September-Septem er yfirskrift hennar og er hún síðasta sýning Septem-hópsins sem sýnt hefur nær árlega frá árinu 1974. Sýningin er tvískipt: Í austursal gefur að líta yfirlit þeirra verka sem ollu miklum úlfaþyt í bænum á árunum 1947-52, það átti þó sérstaklega við um fyrstu sýningu „klessumálaranna“ í Listamannaskálanum við Austurvöll 1947. Í vestursal, hins vegar, hanga uppi verk Septem hópsins, en í honum voru margir félagar September-hópsins, auk yngri málara sem bættust smám saman í hópinn eftir því sem eldri félagar féllu frá.

Hafsteinn Austmann listmálari hefur sýnt með Septem síðan árið 1986. Hann tók á móti blaðamanni Nýs helgarblaðs á Kjarvalsstöðum, rölti með honum um sýninguna og fræddi um sögu Septem-September-hópsins. Gefum honum orðið.


September 1947-52

–September hópurinn var stofnaður árið 1947, og þá héldu listamennirnir fyrstu samsýningu sína í Listamannaskálanum við Austurvöll. Engin sýning fyrr né síðar hér á landi hefur valdið jafnmiklum og hörðum deilum og sú sýning. Þeir sem tóku þátt í þessari tímamótasýningu voru Gunnlaugur Scheving, Jóhannes Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson, Kristján Davíðsson, Nína Tryggvadóttir, Sigurjón Ólafsson, Snorri Arinbjarnar, Tove Ólafsson, Valtýr Pétursson og Þorvaldur Skúlason. Þeir Kristján, Jóhannes, Valtýr og Kjartan höfðu farið utan til Bandaríkjanna í lok stríðs og komið heim með nýjar og ferskar hugmyndir, hinn hluti hópsins voru listamenn sem komið höfðu fram á fjórða áratugnum í íslensku listalífi, auk Sigurjóns og konu hans, Tove.


– Þegar horft er á myndir þessa hóps nú er erfitt að ímynda sér að í lok fimmta áratugarins hafi þær orðið tilefni til hatrammra deilna í blöðum og tímaritum. Meðal þeirra sem harðastir voru í dómum voru þeir Guðmundur Hagalín og Jónas frá Hriflu. Allar deilur um list og listamenn sem átt hafa sér stað síðan þá eru eins og jólaguðspjall til samanburðar við rifrildið 1947. En það var samt sem áður alls ekki markmið þessara listamanna að hneyksla, eins og oft er reynt nú á dögum.

September-menn héldu aðra sýningu ári seinna, en síðan varð hlé á sýningarhaldi vegna þess að nokkrir meðlimir fóru utan. Á sýningu þeirra í Listamannaskálanum 1951 höfðu þeir Karl Kvaran og Ásmundur Sveinsson bæst í hópinn, ári síðar, á síðustu sýningu September-manna, sýndu einnig Guðmunda Andrésdóttir, Hjörleifur Sigurðsson og Sverrir Haraldsson.

Það er engin einhlít skýring á því hvers vegna félagsskapurinn leystist upp. Ein skýring gæti verið sú að andstaða gegn þeim hafði minnkað til muna, og ekki var lengur eins mikil þörf fyrir þessa listamenn að snúa bökum saman. Fleiri listamenn tíndust heim frá listnámi, og hugmyndir September-hópsins um list og tilgang hennar öðluðust betri hljómgrunn en áður.



Nafnlaus eftir Hjörleif Sigurðsson frá árinu 1952.



Séð yfir sýninguna í Vestursal. Hafsteinn Austmann Septem-maður fylgdi blaðamanni um salina. Til hægri, að baki listamannsins, má sjá módel af skúlptúrnum Spennu, sem hann hlaut fyrstu verðlaun fyrir í samkeppni um verk framan við stjórnstöð Landsvirkjunar í Öskjuhlíð. Mynd: Kristinn.

Septem 1974-1990

– Á sama hátt og ekki er auðvelt að skýra hvers vegna September-hópurinn hætti samsýningum, er erfitt að svara því nákvæmlega af hverju Septem-hópurinn var stofnaður 1974. Þeir sem tóku þátt í fyrstu sýningu hans í Norræna húsinu það ár voru mikið til þeir sömu og sýnt höfðu saman rúmum tuttugu árum áður. Það voru þau Guðmunda Andrésdóttir, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Steinþór Sigurðsson, Valtýr Pétursson og Þorvaldur Skúlason.

Konsept-listin var allsráðandi á þessum árum, og hafði mikið verið reynt að ýta málverkinu til hliðar. Septem-hópurinn vildi efna til almennilegrar málverkasýningar, en það er eins og áður sagði ekki gott að finna einhlíta skýringu á þessu eða hinu. Oft eru skýringar fundnar eftir á, sem alls ekki eru réttar. En það má segja að sýningin 1974 hafi verið haldin til varnar málverkinu.

Þessir listamenn voru þá gagnrýndir fyrir afturhaldssemi af konsept-mönnum, en það er gangur sögunnar. Eitt tekur við af öðru, og nú eru allir farnir að mála á ný.

Þessi sýning er lokapunkturinn á samvinnu Septem-hópsins, sem hefur haldið sýningar nær árlega í sextán ár. Við lofum því samt ekki að við séum hætt að mála, kannski stofnum við fleiri grúppur. Listamenn geta lært margt af því að vinna og sýna saman. September-Septem-menn breyttust að sjálfsögðu í gegnum tíðina, sumir héldu sig við harða geómetríu, og gera enn. Aðrir, eins og Valtýr, urðu fígúratífari með árunum. Á sýningunni hérna á Kjarvalsstöðum geta gestir skemmt sér við að sjá hvernig einstaka listamenn hafa breyst og mótast frá því á fimmta áratugnum og fram að þeim tíunda, sagði Hafsteinn Austmann að lokum.

Sýningin Septem-September stendur aðeins í þrjá daga til viðbótar, henni lýkur sunnudaginn 9. september. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega kl. 11-18.

BE